

9. nóvember 2016, kl. 20.00

Annar fundur stjórnar foreldrafélagsins veturinn 2016-2017

**Fundinn sátu:** Elísabet Lára, Jóna Gréta, Sunna, María Kúld og Anna Margrét

**Fjarverandi:** Dóra Lind

Fundurinn fór fram í leikskólanum.

- Hugmyndir að jólaföndri ræddar:
  - Ákveðið að kaupa íspinnaprik sem verða skreytt með glimmeri, pallíettum, skrautlegum pappír, borðum o.fl. Ákveðið að sleppa málningu þar sem hún tekur langan tíma að þorna og krakkarnir munu heldur líma skrautið á og líma spýturnar saman í það form sem þau kjósa. Athuga hvort annar háttur verði hafður á fyrir krakkana á Vík og þau máli sínar spýtur og setji glimmer á. Höfum nokkrar hugmyndir til sýnis.
  - Ákveðið að benda foreldrum á að koma með það föndurefni og skraut sem þeir eiga. Jafnvel hægt að koma með falleg sælgætisbréf og annað sem hægt er að endurvinna.
- Foreldrafélagið mun kaupa smákökur fyrir jólaföndrið og leikskólinn sjá um að laga kakó.
- Hugmyndir að jólagjöfum ræddar:
  - Hljóðdiskar frá sögustund.is – Söngdiskur fyrir þau yngri, sögudiskur fyrir eldri. Tilboðsverð til foreldrafélaga 850 kr. \* ca. 70 börn = tæpar 60.000 kr.
  - Miðað við eign foreldrafélagsins (86.751 kr) er þessi hugmynd of kostnaðarsöm.
  - Kallað eftir bókatilboðum frá Óðinsauga og Forlaginu.
  - Ákveðið að kaupa bók en á eftir að taka ákvörðun um hvaða bók.